

**LÖG**  
**VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG**  
**KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS**

**1. kafli. Nafn félagsins, hlutverk og innganga**

1. gr.

Félagið heitir Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis. Skammstafað VSFK og nág. Félagssvæði þess er Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Keflavíkurflugvöllur. Félagssvæði bifreiðastjóra hópflutningabifreiða er um öll Suðurnes. Félagið er aðili að Starfsgreinasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, sem eru aðilar að Alþýðusambandi Íslands. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. gr.

**Tilgangur félagsins er:**

- a) Að sameina allt starfandi verkafólk og sjómenn sem starfar á félagssvæði félagsins.
- b) Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt þeirra.
- c) Að hafa nána og vinsamlega samvinnu við öll verkalýðsfélög innan ASÍ.
- d) Að vinna að fræðslu- og menningarmálum eftir því sem aðstæður leyfa.

3. gr.

Félagið vill ná til og skipuleggja innan sinna vébanda alla þá sem starfa á félagssvæðinu og hafa sér til lífsframtækis launavinnu í þágu annara og félagið semur fyrir.

4. gr.

**Skilyrði inngöngu**

Inngöngu í félagið geta þeir fengið sem:

- a) Vinna þau störf sem 3. gr. kveður á um.
- b) Eru fullra 16 ára að aldri.
- c) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ, sem viðkomandi hafa verið í.
- d) Eru ekki fullgildir félagsmenn í öðru félagi innan ASÍ.
- e) Eru ekki eigendur atvinnufyrirtækis eða atvinnurekendur sem hafa launafólk í þjónustu sinni, verkstjórar, né komi á annan hátt fram gagnvart launafólki sem fulltrúar eða umbjóðendur atvinnurekenda.

**Aukafélagar**

Þá er og heimilt að taka inn í félagið sem aukafélaga félaga annarra verkalýðsfélaga sem um stundarsakir vinna í einhverri starfsgrein félagsins á félagssvæðinu.

Aukafélagar greiða fullt félagsgjald meðan þeir eru á félagssvæðinu, hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins, en ekki atkvæðisrétt né kjörgengi njóta allra þeirra kjara og réttinda sem samningar eða gildandi kauptaxtar félagsins ákveða.

## 5. gr.

### **Innganga**

Sá sem óskar inngöngu í félagið skal senda skriflega inntökubeiðni til stjórnar félagsins. Samþykki meirihluti mættra stjórnarmanna inntökubeiðnina er umsækjandi orðinn löglegur félagi. Felli stjórnarfundur hins vegar inntökubeiðni hefur umsækjandi rétt til að vísa inntökubeiðni sinni til félagsfundar. Synji félagsfundur um inngöngu í félagið getur aðili skotið málinu til framkvæmdastjórnar viðkomandi landssambands eða miðstjórnar ASÍ en úrskurður félagsfundar gildir þar til viðkomandi framkvæmdastjórn eða miðstjórn hefur úrskurðað annað.

Nú kemur það í ljós að tekinn hefur verið félagi karl eða kona sem ekki átti rétt til inngöngu eða að viðkomandi hefur gefið villandi upplýsingar um atvinnu sína eða annað, og missir þá viðkomandi þegar í stað félagsréttindi og verður ekki tekinn inn í félagið að nýju fyrr en úr hefur verið bætt að fullu.

## **2. kafli. Réttindi og skyldur félagsmanna, úrsögn, réttindamissir, brottrekstur**

## 6. gr.

### **Réttindi félagsmanna**

Réttindi félagsmanna eru eftirfarandi:

- a) Réttur til að vinna eftir þeim kjörum sem samningar félagsins ákveða hverju sinni.
- b) Málfrelsi, tillögu og atkvæðisréttur á félagsfundum svo og kjörgengi.
- c) Réttur á styrkjum úr sjóðum félagsins, svo sem nánar er ákveðið í reglugerðum sjóðanna.
- d) Réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á samningum.

## 7. gr.

### **Skyldur félagsmanna**

Skyldur félagsmanna eru:

- a) Að hlýta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- b) Að greiða félagsgjöld á réttum gjalddaga.
- c) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þó getur starfandi stjórnarmaður sem verið hefur 3 ár eða lengur í stjórn félagsins samfellt skorast undan stjórnarstörfum í jafnlangan tíma.
- d) Að stuðla að því að ófélagsbundnir menn gangi í verkalýðsfélagið.

Stjórn félagsins skal halda félagaskrá er liggja fyrir á fundum félagsins. Persónuskilríki skulu félagar sýna við inngöngu á félagsfundum ef formaður og/eða fundarstjóri krefst þess.

## 8. gr.

### **Úrsögn úr félaginu**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða skrifstofu ásamt félagsskírteini úrsegjanda.

Ef félagsmaður hættir störfum á starfssviði félagsins telst hann að 6 mánuðum liðnum ekki lengur fullgildur félagsmaður. Þetta gildir þó ekki um heiðursfélaga eða þá sem orðnir eru 65 ára og eldri og hafa verið í félaginu 5 ár eða lengur. Félagsmenn halda einnig félagsréttindunum meðan þeir gegna trúnaðarstörfum í verkalýðshreyfingunni.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu og þar til vinnustöðvuninni hefur

verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi er lagt hefur niður vinnu vegna deilu.

9. gr.

### **Skuld félagsgjalda**

Hver sá félagsmaður sem skuldar lögboðin gjöld til félagsins fyrir 6 mánuði eða meira eða getur ekki sýnt fram að félagsgjöld hafi verið dregin af launum hans nýtur ekki fullra félagsréttinda svo sem atkvæðisréttar, kjörgengis né styrkja úr sjóðum félagsins. Félagaréttindi öðlast hann ekki á ný fyrr en skuldin er að fullu greidd.

Eins árs skuld varðar útstrikun af félagaskrá. Stjórn félagsins getur heimilað þeim sem sjúkir eru og fallið hafa af launaskrá eða stunda nám eftirjöf af félagsgjaldi.

10. gr.

### **Brot félagsmanns og brottvísun**

Ef félagsmaður er sakaður um brot á lögum félagsins skal málið tekið fyrir á stjórnarfundi sem ákveður hvort veita skuli áminningu eða víkja félagsmanni brott úr félaginu með einföldum atkvæðismeirihluta. Skjóta má þeim úrskurði til félagsfundar.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanna má vísa til hlutaðeigandi landssambands og Alþýðusambands Íslands, en úrskurður félagsfundar gildir þar til sambandið ákveður annað.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögætum félagsfundi.

## **3. kafli. Stjórn og trúnaðarmannaráð.**

11. gr.

### **Skipan stjórnar**

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, féhirðir og þrír meðstjórnendur. Varastjórn skipa 5 menn. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár og skal kjósa á víxl þannig að 4 eru kosnir annað árið og 3 hitt. Varastjórn skal kjósa með sama hætti þrjá annað árið og tvo hitt árið.

12. gr.

### **Hlutverk stjórnar**

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda sbr. 17. gr. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum félagsins. Skylt er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu félagsins sé sem best varðveitt. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varða.

Varastjórnarmenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna.

13. gr.

### **Hlutverk formanns**

Formaður kveður til allra funda félagsins og stjórnar þeim. Í upphafi fundar hefur hann þó heimild til að stinga upp á einhverjum viðstöddum félaga til að stjórna fundinum eða vera sér til aðstoðar við fundarstjórn. Formaður undirskrifar gerðir félagsins og gætir þess að allir starfsmenn þess geri skyldu sína. Hann hefur eftirlit með starfsemi félagsins og eftirlit með því að fylgt sé lögum þess og reglum í öllum greinum. Hann ávísar reikningum á félagið til greiðslu. Varaformaður gegnir sömu störfum í forföllum formanns.

14. gr.

#### **Hlutverk ritara**

Ritari ber ábyrgð á að gerðarbækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikningur. Fundargerðarbækur og önnur skjöl félagsins skulu geymd á skrifstofu þess. Heimilt er að hljóðrita félagsfundi.

15. gr.

#### **Hlutverk féhirðis**

Féhirðir hefur á hendi eftirlit með fjárhaldi félagsins, innheimtu og bókfærslu eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar.

Stjórnin ber öll í sameiningu ábyrgð á sjóðum félagsins. Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir á vöxtum í banka, sparisjóðum eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

16. gr.

#### **Trúnaðarmannaráð**

Trúnaðarmannaráð skal vera starfandi í félaginu.

Trúnaðarmannaráð skal skipað félagsstjórn, varastjórn og stjórn sjómannadeildar og 12 mönnum til viðbótar. 12 varamenn skulu kosnir í trúnaðarmannaráð um leið og aðalmenn eru kosnir.

Trúnaðarmannaráð skal kosið árlega. Skylt er að haga uppástungum um skipan trúnaðarmannaráðs þannig að þar eigi sæti minnst einn félagsmaður fyrir hvert hundrað félagsmanna í sjómannadeild.

Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess.

Formaður kveður trúnaðarmannaráð til funda með þeim hætti er hann telur heppilegast. Skylt er formanni að boða til trúnaðarmannaráðsfundar ef þriðjungur trúnaðarmannaráðs óskar þess og tilgreinir fundarefni.

Fundur í trúnaðarmannaráði er lögmætur ef 2/3 hlutar þess eru mættir og ákvarðanir þess lögmætar ef meirihluti mættra er þeim fylgjandi.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarmannaráð stjórninni til aðstoðar þegar ýmis önnur félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi og ræður úrslitum í slíkum málum einfaldur meirihluti fundar.

17. gr.

#### **Deildir**

Heimilt er stjórn félagsins að skipa félögum í deildir eftir starfsgreinum og fær þá hver deild sérstaka stjórn og starfsreglur sem félagið samþykkir.

Sérdeild sjómanna skal starfa innan Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Stjórnin er skipuð 3 mönnum, formanni, varaformanni og ritara. Varamenn skulu vera

jafnmargir. Deildin hefur með höndum sérmál sjómanna. Kostnaður við starf deildarinnar greiðist ur félagssjóði.

18. gr.

### **Fastar nefndir**

Fastar nefndir skulu vera Kjörstjórn skipuð af aðalfundi. Samninganefnd, kjörin af félagsfundi. Fræðslunefnd, og laganefnd, skipaðar af stjórn félagsins á fyrsta fundi eftir aðalfund.

### **Kjörstjórn**

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um stjórn atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins. Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir menn og tveir til vara. Við stjórnun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar trúnaðarmannaráð þriðja stjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við stjórnun allsherjaratkvæðagreiðslna um önnur atriði skv. lögum félagsins og/eða lögum ASÍ skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

### **Samninganefnd**

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um kjarasamningsgerð fyrir hönd félagsins. Nefndin skal kjörin af félagsfundi og í henni skulu eiga sæti allt að 50 menn. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar nema annað sé ákveðið. Samninganefnd er heimilt að skipta með sér verkum eftir samnings-sviðum.

### **Fræðslunefnd**

Fræðslunefnd skal annast um að haldin séu námskeið og fræðslufundir fyrir félagsmenn. Skal hún haga svo til að efni sé valið eftir þörfum félagsmanna.

### **Laganefnd**

Laganefnd skal á hverju ári endurskoða lög félagsins og hafa lokið því fyrir 15. desember. Hún skal einnig gera tillögur um félagsmenn í trúnaðarstöður félagsins.

## **4. kafli. Fundir og kosningar til trúnaðarstarfa**

19. gr.

### **Félagsfundir**

Félagsfundi skal halda þegar stjórninni þykir ástæða til eða þegar 45 félagar krefjast þess skriflega, enda sé fundarefni tilgreint af þeim er kröfuna gera.

Fundi skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara með auglýsingu í ríkisútvarpinu og verði því við komið í staðarblaði eða dreifibréfi til félagsmanna. Þó má í sambandi við vinnudeilur og verkfallsboðanir boða fundi með skemmri fyrirvara. Fundir eru lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.

Fundum félagsins skal stjórnað eftir fundarsköpum félagsins. Ágreiningsatriði um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Óski einstaka félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk.

20. gr.

## **Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá með 7 daga fyrirvara og er hann lögmetur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
3. Lýst kjöri stjórnar og varastjórnar, trúnaðarmannaráðs, endurskoðenda, stjórnar sjómannadeildar og varastjórnar, stjórnar sjúkrasjóðs, orlofsheimilásjóðs og fræðslusjóðs ásamt varamönnum þeirra.
4. Lagabreytingar ef fyrir liggja
5. Önnur mál

21. gr.

## **Kosningar**

Viðhafa skal allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar og trúnaðarmannaráðs og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ þar að lútandi.

Skila þarf lista til kjörstjórnar samkvæmt a-lið þessarar greinar annað hvert ár og b-lið hitt árið.

### A-liður:

1. Formaður, ritari og tveir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára
2. Tveir varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára
3. Tólf menn í trúnaðarmannaráð og tólf til vara kosnir til eins árs
4. Stjórn sjómannadeildar, formaður, varaformaður og ritari kosnir til eins árs
5. Þrjú varamenn í stjórn sjómannadeildar kosnir til eins árs
6. Stjórn sjúkrasjóðs, orlofsheimilásjóðs og fræðslusjóðs, formaður, varaformaður og ritari kosnir til eins árs og jafn margir til vara.

### B-liður:

1. Varaformaður, féhirðir og einn meðstjórnandi kosnir til tveggja ára
2. Þrjú varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára
3. Tólf menn í trúnaðarmannaráð og tólf til vara kosnir til eins árs.
4. Stjórn sjómannadeildar, formaður, varaformaður og ritari kosnir til eins árs
5. Þrjú varamenn í stjórn sjómannadeildar kosnir til eins árs
6. Stjórn sjúkrasjóðs, orlofsheimilásjóðs og fræðslusjóðs, formaður, varaformaður og ritari kosnir til eins árs og jafn margir til vara.

Laganefnd skal gera tillögur um félagsmenn í trúnaðarstöður félagsins sbr. 18. gr. Tillögum sínum skilar nefndin til kjörstjórnar fyrir 15. desember. Ennfremur skal laganefnd tilkynna skriflega þeim félögum er hún hefur tilnefnt til trúnaðarstarfa.

## **5. kafli. Fjármál.**

22. gr.

### **Árgjöld**

Árgjöld skulu vera hundraðshluti af launum og innheimt hjá atvinnurekendum. Tillaga til breytinga á árgjaldi nær því aðeins samþykki að tveir þriðju hlutar fundarmanna á aðalfundi samþykki hana.

Reglulegt þing ASÍ ákveður lágmarksfélagsgjald verkalyðsfélaga hverju sinni sbr. 41. gr. laga ASÍ.

23. gr.

Af tekjum félagsins skal greiða öll útgjöld þess svo sem húsaleigu, prentunarkostnað, laun starfsmanna og annan rekstrarkostnað félagsins, skatt til þeirra landssambanda sem félagið er aðili að og kostnað sem stafar af löglegum samþykktum félagsfunda, trúnaðarmannaráðs eða stjórnar félagsins.

Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar.

24. gr.

### **Endurskoðun reikninga.**

Skylt er stjórn félagsins að láta löggiltann endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs.

25. gr.

### **Sjóðir félagsins eru:**

Félagssjóður, sjúkrasjóður, vinnudeilusjóður, orlofssjóður, fræðslusjóður svo og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að vera. Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð samþykkt á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skulu vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

### **Ávöxtun sjóða**

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt.

Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í fasteignum tengdum starfsemi félagsins,
- e) á annan hátt sem stjórn félagsins metur tryggan.

Tekjur félagsins skiptast milli sjóðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerðum þeirra.

## **6. kafli. Lagabreytingar og félagsslit**

26. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfund enda hafi þess verið getið í fundarboði. Breytingar á lögum ná því aðeins gildi að þær séu samþykktar með 2/3 hlutum greiddra atkvæða og koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn ASÍ, Sjómannasambands Íslands og/eða Starfsgreinasambands Íslands hafa staðfest þær.

27. gr.

Komi fram tillaga um að lögbinda félagið við annað félag eða slíta slíku sambandi þarf um hana sama atkvæðamagn og um lagabreytingu.

28. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema  $\frac{3}{4}$  allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Verði samþykkt að leggja félagið niður skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað verkalýðsfélag er stofnað með sama tilgangi á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna að áskildu samþykki miðstjórnar Alþýðusambandsins.

**Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis 22. apríl 2008.**